

## Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 62 (5.9.2022) - Aðalskipulagsbreyting, Borgarfjörður, þéttbýli og efnisnáma í Fjarðará

**Málsnúmer** : 202201080  
**Málsaðili** : Múlaþing  
**Niðurstaða (stutt)** : Vísað til nefndar  
**Fundardagur** : 05.09.2022

**Inngangur** : Vinnslutillaga breytinga á Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 vegna breytinga í þéttbýli og við efnisnámu í Fjarðará var kynnt almenningi frá 25. maí til 15. júní 2022 og bárust engar athugasemdir. Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma auk samantektar með viðbrögðum við þeim. Fyrir ráðinu liggur jafnframt tillaga, dagsett júlí 2022, sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

**Niðurstaða** : Vinnslutillaga breytinga á Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 vegna breytinga í þéttbýli og við efnisnámu í Fjarðará var kynnt almenningi frá 25. maí til 15. júní 2022 og bárust engar athugasemdir. Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma auk samantektar með viðbrögðum við þeim. Fyrir ráðinu liggur jafnframt tillaga, dagsett júlí 2022, sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi tillaga verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.